



Fyrirlestur  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við Harvard háskóla  
20. maí 2002

TÆKIFÆRI SMÁRRA RÍKJA  
Á TÍMUM ALÞJÓÐAVÆÐINGAR:  
REYNSLA ÍSLANDS

Við upphaf 20. aldar voru Íslendingar fámenn og fátæk þjóð fiskimanna og bænda sem um aldir höfðu búið við erlenda stjórn. Íbúafjöldinn hafði frá landnámstíð verið innan við 100.000, kjör almennings mótuðust af hagsmunum nýlenduherranna og Ísland bar flest einkenni ríkja sem nú eru kennd við þriðja heiminn. Sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar hófst um miðbik nítjándu aldar og við upphaf þeirrar tuttugustu hlaut hún heimastjórn, fullveldi 1918 og lýðveldi var stofnað árið 1944. Þar með lauk sjö alda erlendum ítökum í stjórn landsins.

Þegar Ísland heilsar nýrri öld er það enn meðal minnstu ríkja heims að íbúafjölda, innan við 300.000, og landsframleiðslan er 8½ milljarður Bandaríkjadala. Þau umskipti sem orðið hafa á kjörum landsmanna eru hins vegar nánast ótrúleg. Íslendingar búa nú við einhverjar hæstu meðaltekjur í heimi og í landsframleiðslu á mann komum við næst á eftir Noregi, Sviss og Bandaríkjunum innan OECD og á undan Kanada, Danmörku og Þýskalandi. Samfélagið hefur tileinkað sér upplýsingatæknina í svo ríkum mæli að notkun farsíma og nettenginga á íbúa er sú hæsta í heimi og sama gildir um aðgang að tölvubúnaði. Hagkerfið hefur þróast frá einhæfum atvinnuháttum fiskimanna og bænda til þeirrar fjölbreytni sem mótar þróað hagkerfi þótt hátæknivæddur og markaðsstýrður sjávarútvegur skipi enn veigamikinn sess í gjaldeyrisöflun. Alþjóðavæðingin setur í vaxandi mæli svip á efnahagslíf landsmanna. Starfssemi fjármálastofnana og fyrirtækja mótast æ meir af þeim lögmálum sem henni fylgja.

Þróun Íslands á 20. öld og viðleitni þjóðarinnar til að nýta tækifærin sem bjóðast í alþjóðlegu hagkerfi nýrrar aldar eru á margan hátt fróðlegur efniviður í umræður um stöðu smáríkja á okkar tímum og getu þeirra til að búa íbúum sínum lífskjör sem eru sambærileg við það besta sem þekktist í veröldinni. Þótt landar mínir hafi tilhneigingu til að áréttta sérstöðu okkar á mörgum sviðum – og sú árátta á sér djúpar rætur í

menningu okkar, sjálfsvitund og sögu – þá efast ég um að þennan árangur eigi fyrst og fremst að skýra með tilvísun til íslenskra þjóðareinkenna. Þvert á móti tel ég að reynsla Íslendinga sé ágætur vitnisburður um möguleika smárra ríkja til að hagnýta sér hin hagrænu tækifæri einkum ef þau bera gæfu til að stjórna jafnframt eigin málum af festu, aga og framsýni, ná að skapa jafnvægi og stöðugleika í efnahagslífi.

Vissulega gekk Íslendingum upp og ofan að ná farsælum tókum á hagstjórninni. Sveiflurnar voru oft miklar, verðbólgan veruleg og gengisfellingar tíðar á ýmsum skeiðum 20. aldar, verkföll og hörð átök um kaup og kjör endurspegluðu óróann í þjóðlífinu. Frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar og fram á miðjan níunda tuginn var verðbólgan að meðaltali um 50% og stundum mun hærra.

Fyrir rúmum áratug, í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat 1988 – 1991, tókst að koma böndum á verðbólguna og skapa grundvöll að varanlegum stöðugleika. Þá hófst lækkunarferli sem færði verðbólgu úr rúmlega 20% undir 2% árið 1994, en fá ríki sem glímt höfðu við svo háa verðbólgu náðu slíkum árangri. Efnahagsstjórn Íslendinga hefur síðan miðast við að festa slíkt jafnvægi í sessi og er árangurinn meðal þess besta sem þekktist í Evrópu. Lítil verðbólga, góður hagvöxtur, aukinn kaupmáttur, lítið atvinnuleysi eru þau einkenni sem settu svip á íslenska hagkerfið á nýliðnum áratug þótt stundum hafi þurft að grípa til kröftugra aðgerða til að tryggja þann árangur.

Íslendingar hafa því öll skilyrði til að hagnýta sér þau tækifæri sem hagkerfi 21. aldarinnar felur í sér, tækifæri sem ný tækni og alþjóðavæðing viðskiptanna skapa á hverjum degi. Sú eðlisbreyting sem orðið hefur í efnahagsmálum og atvinnulífi á undanförunum árum er mun hagstæðari smærri ríkjum en þau skilyrði sem ríktu á meginhluta 20. aldar. Sterk rök hníga að því að möguleikar smærri ríkja hafi aldrei verið

meiri en einmitt nú. Þær hindranir sem áður stóðu vexti þeirra fyrir þrífum eru nú að mestu horfnar og í staðinn er kominn opinn og breiður akur þar sem hæfileikar hvers og eins, hugmyndaauðgi og sköpunargáfa ráða mestu um uppskeruna, ekki stærðin eða aðgangur að auðlindum í jörðu.

Við þekkjum öll hvernig málmiðnaður, olíulindir og framleiðsla á þungavörum sköpuðu ríkjum auðævi á nýliðinni öld. Iðnbyltingin var tími hinna stóru og fjöldaframleiðslan leiðin til framfara. Upplýsingatæknin og alþjóðavæðingin hafa hins vegar gjörbreytt öllum aðstæðum. Nú geta nýjungarnar komið úr öllum áttum, markaðsvörur eru annars eðlis, frumkvæði og sköpunarkraftur einstaklinga getur hvar sem er í veröldinni lagt grundvöll að fyrirtækjum sem gera sig gildandi á heimsvísu. Tækni og huglægar afurðir, sérhæfð þjónusta og upplýsingakerfi sem þróuð eru innan vébanda smárikis geta á skömmum tíma orðið að miklum verðmætum á markaðstorgi heimsins. Vexti fyrirtækja sem sköpuð eru í smárikjunum eru ekki lengur sömu takmörk sett. Þau geta með liðsinni alþjóðavæðingarinnar náð risastærð á sínu sviði á fáeinum árum. Það má með sanni segja að hið nýja hagkerfi 21. aldar hafi veitt smárikjunum tækifæri til blómaskeiðs. Aldrei fyrr hafa möguleikar þeirra til farsældar og framfara verið jafn miklir.

Þessar fullyrðingar kunna að stinga í stúf við ríkjandi viðhorf og þá skoðun að samruni ríkja í bandalög af ýmsu tagi sé vænlegasta leiðin, að smárikin muni eiga erfitt uppdráttar ef þau fái ekki til langframa skjól í slíkum tengslum. Þessi viðhorf setja mjög svip á umræður í Evrópu og þeirra gætir líka víðar í veröldinni. Hér þarf þó ekki að vera um mótsögn að ræða. Þegar grannt er skoðað byggja möguleikar smárikjanna á aðgangi að opnu alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og þann aðgang er hægt að tryggja og treysta með margvíslegum hætti.

Ísland er að mörgu leyti kjörið dæmi til að færa þessari umræðu margvíslegan efnivið og til að meta á raunhæfan hátt tækifæri smáríkja á tímum alþjóðavæðingar. Við skulum fyrst líta á nokkur almenn einkenni með tilliti til íslenskrar reynslu og síðan skoða með skýrum dæmum hvernig íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér alþjóðavæðinguna á árangursríkan hátt, náð stöðu á heimsmarkaði sem hefði verið óhugsandi fyrir fáeinum áratugum.

Í fyrsta lagi: Hagvöxtur og lífskjör. Ísland nýtur einhverra hæstu meðaltekna á íbúa sem um getur í veröldinni og dreifing þessara tekna er með því jafnasta sem þekktist. Þorri þjóðarinnar býr í eigin húsnæði og stærð þess á hverja fjölskyldu, bílaeign og heimilistæki sýna að almenningur hefur í ríkum mæli notið góðs af hagvexti undanfarinna áratuga. Almennt læsi og hátt menntunarstig skópu hagstæð skilyrði til vaxtar.

Þótt Háskóli Íslands hafi verið öflug stofnun og aðrir háskólar bæst við á síðari árum þá hefur það komið Íslendingum mjög til góða að þurfa á mörgum sviðum að sækja sér framhaldsmenntun til annarra landa. Þegar heim kom var þekkingunni miðlað í samfélagi sem þannig hafði tileinkað sér menntastrauma úr mörgum áttum. Sérfræðingar sem numið höfðu við ýmsar fremstu menntastofnanir heims tóku forystu á ýmsum sviðum. Vegna smæðarinnar varð Ísland eins konar blöndunarstöð þar sem menntastraumar frá ýmsum löndum tengdust á skapandi hátt. Í stærri ríkjum er tilhneiging til að afla sér menntunar eingöngu á heimaslóð en smáríki eru knúin til að leita víða fanga. Slíkt getur orðið verðmæt auðlind, einkum þegar menntun er í vaxandi mæli forsenda hagvaxtar og þessara áhrifa gætir ekki aðeins í umsköpun íslensks efnahagslífs heldur líka í þróun vísinda, heilbrigðisþjónustu, rekstri fjármálastofnana og á fleiri sviðum.

Þótt Íslendingar hafi við upphaf 20. aldar aðeins verið um 100.000 og telji nú röskan fjórðung milljónar tókst þjóðinni þrátt fyrir smæðina að verða forysturíki í sjávarútvegi. Sá árangur er dæmi um hvernig smáríki geta með sérhæfingu og öflugum utanríkisviðskiptum hagnýtt sér alþjóðlega verkaskiptingu á farsælan hátt. Íslendingar eru nú meðal helstu fiskveiðiþjóða heims, eru í 13. sæti hvaða varðar aflamagn í tonnum en í 6. sæti hvað varðar nettóútflutning sjávarafurða. Hlutur okkar í viðskiptum með sjávarafurðir nemur nokkrum prósentum af heimsveltunni. Ábyrg auðlindastefna byggð á vísindalegum rannsóknum hefur verið leiðarljós í skipulagningu sjávarútvegsins en víðtækur almennur skilningur og samstaða líttillar og einsleitrar þjóðar hefur gert það auðveldara að framfylgja slíkri stefnu. Þó hafa verið skiptar skoðanir á því með hvaða hætti sé eðlilegast og réttlátast að dreifa auðlindarentunni af sjávarútvegi til þjóðarinnar allrar.

Íslendingar hafa gert sjávarútveginn að hátæknivæddri grein og versla nú með fisk sem veiddur er víða um veröldina. Sá harði skóli sem smæðin var gerði okkur kleift að gerast alþjóðlegir athafnamenn í sjávarútvegi og þar með renna traustum stoðum undir líf skjör okkar og hagnýtt. Arðurinn af sjávarútveginum og vistvæn stýring á nýtingu fiskistofna veitti okkur svigrúm til að gera atvinnulífið fjölþættara með því að hlúa að öðrum greinum. Sérhæfing hinnar fámennu þjóðar skapaði kjörstöðu á markaðstorgi heimsins. Margar þjóðir og alþjóðastofnanir hafa á nýliðnum árum reynt að læra af því hvernig Íslendingum tókst að skapa sér svo góð líf skjör með nýtingu sjávarafla. Fiskveiðar eru víðast hvar atvinnugrein sem tengd er vanþróun og vandamálum, lífþráuð á hinum fátækari landssvæðum. Íslendingar hafa hins vegar gert sjávarútveginn að undirstöðu hagnýttar og auðsöfnunar, markaðsvæna atvinnugrein sem keppir að því að hámarka hagnað.

Í öðru lagi: Nokkur orð um velferðarkerfið. Á Íslandi hefur tekist að samþætta velferðarkerfið sveigjanlegu og kröftugu efnahagslífi. Allir hafa sama rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu og er hvort tveggja fjármagnað nánast eingöngu með skatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Fjölskylda verkamannsins hefur sama aðgang að skólum og sjúkrahúsum og fjölskylda forsetans. Jafnræðið er grundvöllur velferðarþjónustunnar. Okkur hefur tekist að byggja upp menntakerfi og heilbrigðisstofnanir í samræmi við strangar vestrænar gæðakröfur án þess að draga úr samkeppnishæfni efnahagslífsins eða auka skattbyrðina úr hófi. Hluttur hins opinbera í landsframleiðslu er aðeins 39% á Íslandi en er 44% að meðaltali innan ESB og um eða yfir 50% í Danmörku og Svíþjóð. Margt bendir til að smæðin hafi gert okkur kleift að þróa svo öflugt og hagkvæmt velferðarkerfi vegna þess að við höfum ekki mannskap til að gera skriffinnsku þess og stjórnun umsvifamikla. Við höfum orðið að veita starfsfólki velferðarstofnananna verulegt svigrúm til eigin ákvarðana. Návígið sem smæðin skapar knýr líka á um virka samhjálp til hliðar við kerfið sjálft og þegar áföll verða hjá einstaklingum og fjölskyldum eru margir reiðubúnir að rétta hjálparhönd.

Velferðarkerfið á Íslandi hefur ekki hamlað atvinnuþátttöku en hún er einhver sú hæsta sem um getur í heiminum, eða nærri 80%. Vinnumarkaðurinn hefur jafnan verið mjög virkur og sveigjanlegur, og birtist það hvað skýrast í því að mælt atvinnuleysi hefur undanfarin fimm ár verið vel innan við 3%. Eftirlaunaaldurinn er hár og atvinnuþátttaka aldraðra veruleg. Ásamt því að Íslendingar eru enn ung þjóð miðað við aðrar Evrópuþjóðir og hafa þróað lífeyriskerfi þar sem skylduaðild að lífeyrissjóðum sem byggja á fullri sjóðssöfnun er meginstoðin gerir þetta það að verkum að Íslendingar standa frammi fyrir mun minni vandamálum vegna öldrunar þjóðarinnar. Uppbygging lífeyrissjóðanna hefur auk þess haft ríkuleg áhrif á þróun fjármagnsmarkaða en ætla má að

eignir lífeyrissjóðanna muni nema að minnsta kosti einni og hálfri landsframléiðsla um miðja þessa öld.

Vinnusemi er ríkur þáttur í siðmenningu þjóðarinnar kannski vegna þess að í bændu- og fiskimannasamfélagi fyrri tíðar urðu allir að hjálpast að og mikil atvinna hefur ávallt verið talin dyggð. Þessum eiginleikum hafa fylgt hærri þjóðartekjur þótt ýmis félagsleg vandamál geti líka verið samfara því að foreldrar vinni mikið og hafi því ekki nægan tíma til að sinna uppeldi og þroska barna sinna.

Í þriðja lagi hefur smæðin skapað Íslandi ákveðinn sveigjanleika sem reyndist ótvíræður kostur í hagþróun liðinnar aldar og verður það líklega enn frekar í framtíðinni. Brestir í sjávarafli og verðfall á erlendum mörkuðum skópu Íslendingum oft áður fyrr talsverða erfiðleika en samheldnin sem smæðin styrkti gerði þjóðinni kleift að laga sig að breyttum aðstæðum. Íslenska hagkerfið hefur ávallt búið yfir verulegum sveigjanleika og smæðin hefur í því efni komið að góðum notum: allir hafa fundið fyrir þörfinni og skilið að sameiginlegir hagsmunir eru í húfi.

Sú skoðun að smæðin sé hamlandi vegna þess að smærri ríki geti ekki nýtt sér kosti stærðarhagkvæmninnar hefur ekki reynst raunsönn mynd af veruleikanum. Reynsla Íslendinga hefur sýnt að sérhæfing í einstökum atvinnugreinum og virk utanríkisviðskipti geta veitt smáþjóð sterka markaðsstöðu, einkum þegar þekking og menntun eru lykilþættir. Smæðin felur þó óhjákvæmilega í sér margvíslegar takmarkanir, bæði varðandi samkeppni á einstökum mörkuðum og möguleika á að þróa ákveðnar greinar á nægilega umfangsmikinn hátt. Slíka vankanta má hins vegar laga að nokkru með þeim kostum sem alþjóðvæðingunni fylgja og Íslendingar hafa gert meðal annars á grundvelli þeirrar samþættingar sem fylgir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.



Í fjórða lagi er spurningin um stöðugleikann en lítil lönd eru ef til vill óstöðugri en hin stærri, t.d. vegna þess að hnykkir í einni atvinnugrein geta haft veruleg áhrif á hagkerfið allt. Þannig hefur sjávarútvegurinn oft leikið íslenskt efnahagslíf. Þá reyndi á hæfileikann til að beita agaðri og framsýnni hagstjórn og skapa samstöðu um aðgerðir sem dugðu. Þetta hefur okkur Íslendingum tekist misjafnlega í tímans rás en þó mun betur á undanförunum áratug eftir að böndum var komið á verðbólguna á árunum 1988 – 1991. Nýlega hefur einnig komið í ljós að með öflugri samstöðu ríkisvalds, verkalyðshreyfingar og atvinnulífs tókst að flýta verulega lækkun verðbólgu og koma í veg fyrir að beita þyrfti harkalegu aðhaldi í peningamálum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á hagvöxt og atvinnustig. Samkeppnin, gegnsæið og persónutengslin sem smæðin skapar höfðu án efa veruleg áhrif á að með samræmdum aðgerðum tókst að varðveita stöðugleikann. Smáriki geta því með agaðri hagstjórn náð jafnvæginu sem nauðsynlegt er til að geta til lengdar notið farsældar í efnahagslífi.

Í fimmta lagi hefur hnattvæðingin fært Íslandi eins og öðrum smærri ríkjum fjölda nýrra verkefna og við höfum tekist á við þau með markvissri uppbyggingu fjármálamarkaða og breytingum á peningastefnu og gengisstefnu frá fastgengi til flots og verðból gumarkmiða. Kjarninn í aðlögun Íslands að hnattvæðingunni á undanförunum árum hefur verið aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu en það er byggt á samningi sem EFTA-ríkin gerðu við Evrópusambandið. Samkvæmt honum er Ísland hluti af innri markaði Evrópusambandsins hvað snertir vörur, þjónustu, vinnuafli og fjármagnsflutninga en getur gert sjálfstæða viðskiptasamninga við lönd og fyrirtæki utan Evrópusambandsins. Þessa skipan má orða svo að Ísland geti notið þess besta úr tveimur heimum: hagnýtt sér kosti Evrópusambandsins á mörgum sviðum án mikilla fórna og komið að eigin vali á viðskiptum við þjóðir og fyrirtæki í öðrum

heimshlutum – í Bandaríkjunum, Asíu og Suður-Ameríku – án þess að vera bundið samningakerfi Evrópusambandsins.

Þetta fyrirkomulag hefur enn sem komið er nýst Íslandi vel. Við höfum notið góðs af samvinnunni í Evrópu en jafnframt getað notfært okkur kosti smáríkis sem á sjálfstæðan hátt ákveður tengsl sín við aðra. Vissulega eru skiptar skoðanir um hvort þetta geti gengið til lengdar en enginn stjórn málaflókkur á Íslandi hefur enn sem komið er gert aðild að Evrópusambandinu að stefnu sinni þótt umræða um málið setji um þessar mundir töluverðan svip á þjóðlífið.

Ísland hefur á undanförunum árum sýnt hvernig smáríki getur á skipulagðan hátt og með góðum árangri brugðist við hnattvæðingunni og hagnýtt sér hana til að styrkja hagvöxt og almenna velferð. Alþjóðavæðingin getur fært smáríkjum nýtt blómaskeið ef hagstjórnin tekur á agaðan hátt mið af þeim kröfum sem opnun hagkerfanna felur í sér.

Efnahagslíf veraldarinnar hefur með upplýsingabyltingunni, tölvuvæðingunni og framförum í margvíslegri hátækni tekið stakkaskiptum og þessar grundvallarbreytingar hafa orðið æ víðtækari í krafti alþjóðavæðingarinnar. Nú hafa í raun opnast margar leiðir fyrir hugmyndir og nýjungar hvaðanæva að úr veröldinni. Hver og einn hefur tækifæri til að gera sig gildandi. Ný fyrirtæki geta sprottið upp á sérhverjum heimavelli og haft innan tíðar heiminn allan að markaðssvæði.

Smæðin er ekki lengur sú hindrun sem áður var. Atvinnugreinar iðnbyltingarinnar sem byggðu vöxt sinn á hagkvæmni stærðarinnar ráða ekki lengur för. Nú geta nýjungarnar komið úr öllum áttum og einstaklingar og fyrirtæki í smáum ríkjum eða litlum samfélögum innan stærri ríkja á skömmum tíma náð lykilstöðu.

Reyndar er margt sem bendir til að smáríkið geti í hinu nýja hagkerfi verið hagkvæmur grundvöllur til að skapa nýjungar í atvinnulífi. Í litlum ríkjum er auðvelt að skoða samhengi ólíkra þátta, koma á samvinnu milli mismunandi sviða, fá aðgang að upplýsingum og reynslu, ná utan um lausnir á erfiðum viðfangsefnum. Þótt Ísland sé fámennnt hefur það til að bera öll einkenni þróaðra vestrænna samfélaga, markaðurinn er svipaður og stjórnsýslan öguð – og auk þess er almenningur reiðubúinn að tileinka sér tækninýjungar og fús til samvinnu við sérfræðinga og rannsakendur á ólíkum sviðum. Reynsla sýnir að smáríkið getur orðið eins konar tilraunastofa eða rannsóknastöð, einmitt í þeim atvinnugreinum sem í vaxandi mæli setja svip á efnahagslíf nýrrar aldar. Að þessu leyti getur nýja hagkerfið fært smáríkjunum sannkallað endurreisnarskeið.

Mörg dæmi má nefna til að sýna hvernig Íslendingum hefur tekist að skapa sér stöðu á heimsmarkaði með nýjungum í ólíkum greinum og sá árangur er að verulegu leyti byggður á rannsóknum og vöruþróun sem fram hafa farið á hinum litla heimamarkaði. Það sem nær fótfestu á Íslandi reynist samkeppnishæft annars staðar í veröldinni. Ísland er eins konar þjálfunarstöð fyrir útrás til stærri landa. Fyrirtækin eru ekki lengur bundin við landamæri smáríkisins. Heimurinn allur er völlum þeirra. Vexti atvinnulífsins eru ekki lengur sömu takmörk sett. Íslensk fyrirtæki geta nú á heimsvísu orðið þau bestu á sínu sviði.

Slíkt markar auðvitað þáttaskil fyrir stöðu smáríkis og mörg dæmi úr íslenskri reynslu sýna ótvírætt að umbyltingin í hagkerfi heimsins hefur fært hinum smáu tækifæri til blómaskeiðs. Lítum nánar á nokkur þeirra:

Vegna mikilvægis sjávarútvegsins og nauðsynlegrar sérhæfingar sem smæðin skapar hefur hæfileikafólk í verkfræði, tækni, hugbúnaði og markaðssetningu helgað þessari atvinnugrein krafta sína. Árangurinn hefur birst í margvíslegum nýjungum sem upprunalega voru þróaðar

innan sjávarútvegsins á Íslandi en hafa síðan verið seldar fyrirtækjum í öðrum matvælagreinum víða um heim meðal annars kjúklingaframleiðendum í Texas og annars staðar í Bandaríkjunum. Mörg fyrirtæki sem rætur eiga í íslenskum sjávarútvegi selja nú tækni sína um allan heim og hafa sum þeirra stofnað verksmiðjur og útibú í öðrum löndum til að auka afköstin og styrkja stöðu sína.

Fjöldi íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja hefur á undanförunum árum þróað afurðir sem vekja eftirtekt stórfyrirtækja og stjórnvalda víða um heim. Íslendingar hafa átt í slíkri samvinnu við IBM, Ericson, INTEL, Cisco, Vodafone og Motorola svo að nokkur dæmi séu nefnd. Í nýlegri heimsókn minni til Rússlands kom í ljós mikill áhugi stjórnvalda á íslenskum hugbúnaði fyrir neyðarlínu sem tengir saman sjúkrahjálp, slökkvilið, lögreglu og björgunarsveitir. Fyrirtæki sem í fyrra hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands hefur þróað hugbúnað fyrir skjalavörslu sem sveitastjórnir, opinberar stofnanir og stórfyrirtæki í öðrum löndum hafa áhuga á að hagnýta sér og samvinnan við stjórnsýsluna á Íslandi hefur gegnt lykilhlutverki í þróun þess hugbúnaðar. Þótt kerfið á Íslandi sé lítið er það nægilega umfangsmikið til að endurspegla flest vandamál sem glíma þarf við í hinum stærri samfélögum og því hefur Ísland reynst hagkvæm þróunarstöð.

Fleiri tilvik mætti nefna um möguleika íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja á alþjóðlegum markaði en aðalvandi þeirra hefur þó falist í nægilega greiðum aðgangi að áhættufjármagni. Þar getur smæð íslenska hagkerfisins verið hindrun um stundarsakir en með auknum tengslum við alþjóðlega fjármagnsmarkaði, meiri þjálfun íslenskra sérfræðinga á þessu sviði og víðtækari kynnum erlendra fjárfesta af íslenska hagkerfinu ættu íslensk hugbúnaðarfyrirtæki að öðlast greiðari aðgang að fjármagni sem dugir til að koma afurðum þeirra á heimsmarkað.

Athafnamenn í matvöruverslun og rekstri verslunarmiðstöðva sem skarað hafa fram úr á hinum smáa íslenska markaði hafa nýlega sýnt að slík viðskiptareynsla getur gert þeim kleift að gera sig gildandi á hinum harða heimsmarkaði stórríkjanna. Þeir hafa nýlega keypt Bill's Dollars Stores, keðju fjögur hundruð verslana hér í Bandaríkjunum, og gert tilboð í hina stóru verslunarkeðju Arcadia í Bretlandi sem m.a. rekur þekktar verslanir eins og Miss Selfridges, Top Shop, Wallis, Burtons og Dorothy Parkins, eða alls um 2000 verslanir. Rök þessara athafnamanna eru að kunnáttan sem þeir hafa fengið á hinum íslenska heimamarkaði geri þá hæfa til að keppa á stærri mörkuðum, jafnvel betur hæfa en aðra vegna þess að nálægðin og gegnsæið á hinum smáa íslenska markaði hafi verið þeim harður skóli.

Íslenskur hugvitsmaður þróaði fyrir röskum áratug nýja tækni við gerð gervilima og uppgötvanir hans hafa orðið grundvöllur að fyrirtæki sem nú er eitt hið stærsta í veröldinni. Það keypti fyrir tveimur árum bandaríska fyrirtækið Flex Foot og varð samsteypan sem rekin er frá Íslandi enn öflugri með þeirri yfirtöku. Vaxandi útbreiðsla sykursýki hefur því miður í för með sér að markaður þessarar framleiðslu heldur sífellt áfram að vaxa og fyrirtækið er ágætt dæmi um hvernig smáríki getur öðlast sterka stöðu á heimsvísu fyrir heilbrigðisvörur, en lækniþjónusta, lyf og endurhæfing eiga eftir að skipa sífellt stærra rúm í hagkerfi framtíðarinnar, m.a. vegna fjölgunar þeirra sem aldraðir eru.

Annað dæmi um árangur Íslendinga á heilbrigðissviði er vöxtur lyfjafyrirtækja í landinu en þau hafa náð verulegum árangri í útflutningi og hafa einnig keypt lyfjafyrirtæki í öðrum löndum, m.a. í Mið Evrópu, í því skyni að gera þau arðbærari á grundvelli þeirrar reynslu sem aflað er á Íslandi. Smæðin hefur komið þessum lyfjafyrirtækjum til góða á ýmsan hátt, m.a. með því að erlend risafyrirtæki gleymdu litla Íslandi þegar þau á sínum tíma voru að tryggja sér einkaleyfi á ákveðnum lyfjum. Þegar

einkaleyfin runnu út í hinum stærri ríkjum voru íslensku fyrirtækin tilbúin með lyfin sem framleidd voru á Íslandi og keyrðu þau samstundis inn á erlendan markað.

Náttúruöflin hafa líka verið Íslendingum hliðholl á fleiri sviðum en í sjávarútvegi og jarðhitinn hefur ekki aðeins verið okkur dýrmæt orkulind heldur einnig skapað okkur ný tækifæri á heimsmarkaði. Ísland hefur öðlast sérstöðu með þeirri reynslu sem við höfum aflað við að hita borgir og bæi með heitu vatni úr iðrum jarðar, framleiða rafmagn með gufukrafti og skapa lón og laugar sem kjörin eru til baða og heilsubótar. Bláa lónið er sannarlega þeirra frægast, kjörstaður bandarísku sjónvarpstöðvanna þegar þær senda beint út frá Íslandi.

Sá árangur sem Íslendingar hafa náð við nýtingu jarðhita hefur vakið athygli víða um heim enda hafa íslenskir verkfræðingar og tæknimenn orðið að leysa ýmis vandamál í þessu skyni á undan öðrum. Þekkingarbanki okkar í orkumálum er orðinn öflugur og nær reyndar einnig til skipulags borga og bæja sem nýta jarðhita í þágu heimila og fyrirtækja. Stjórnvöld í Kína og Kaliforníu, Rússlandi og ýmsum Evrópulöndum hafa leitað eftir samvinnu við Íslendinga í orkumálum og er sú viðleitni vitnisburður um að tækni og reynslan sem smáríki öðlast getur orðið verðmæt vara í viðskiptum við öflugustu ríki heims.

Fleiri dæmi mætti nefna til að varpa ljósi á þá góðu stöðu sem smáríki getur náð í alþjóðavæddu hagkerfi nýrrar aldar og hin íslenska reynsla sýnir að slíkt getur gerst á mjög ólíkum sviðum. Og er þá rétt að halda einnig til haga því frumkvæði í erfðarannsóknnum sem vakið hefur mesta athygli í heimi viðskipta og lækniþjónustu en ekkert íslenskt fyrirtæki hefur á síðari árum náð jafnmikilli athygli fjölmiðla um allan heim. Á fáeinum árum hefur risið á Íslandi eitt mikilvægasta erfðarannsóknafyrirtæki í veröldinni og frumkvöðull þess þreytist aldrei á

að tíunda hvernig hinar séríslensku aðstæður skapa fyrirtækinu hagstæð starfsskilyrði: greiður aðgangur að ættartölum margar aldir aftur í tímann, ítarlegar sjúkraskrár yfir alla landsmenn þorra 20. aldar, einsleitni íbúanna vegna einangrunar frá umheiminum og ríkur vilji almennings til samvinnu við vísindamenn, samvinnu sem oft er fremur byggð á persónulegu trausti en formlegum samningum um aðgang að einkalífi einstaklinga. Hið íslenska erfðafyrirtæki hefur nýlega keypt lyfjafyrirtæki í Bandaríkjunum og skoðar nú þann möguleika að flytja það til Íslands. Þá myndu enn fleiri hámenntaðir sérfræðingar frá ýmsum þjóðlöndum setjast að á Íslandi en ánægjulegt er hve vel erlendum vísindamönnum líkar að búa á Íslandi, hvernig þeir kunna að meta kosti hins smáa en háþróaða samfélags, fjölbreyttrar menningar og einstæðrar náttúru.

Það er reyndar líka athyglisvert hvaða árangri íslensk fjármálafyrirtæki og bankar hafa á síðustu árum náð með stofnun útibúa erlendis en nú starfa íslensk fjármálafyrirtæki í New York, London, Lúxemborg og Stokkhólmi svo nokkur dæmi séu nefnd. Á skömmum tíma hefur ný kynslóð Íslendinga sem sótt hafa menntun víða í veröldinni náð árangri í grein sem við létum áður öðrum eftir. Í samræðum við erlenda viðskiptaaðila hinna íslensku fjármálafyrirtækja sem ég hafði forgöngu um í Lúxemborg fyrir fáeinum árum kom fram að þeir kusu að láta Íslendinga annast verðbréfiðskipti sín vegna þess að hinir ungu Íslendingar voru reiðubúnir að vinna á kvöldin og um helgar, kaupa eða selja þegar opið var í New York eða Tokyo en starfsfólk hinna gamalgrónu evrópsku banka fór heim klukkan fimm og vildi ekki láta trufla sig fyrr en næsta dag og kappkostaði að varðveita helgarfríin frá föstudegi til mánudags. Íslendingarnir voru hins vegar alltaf reiðubúnir. Vinnumenningin frá tímum sjósóknara og búskapar á fyrri öldum þegar keppst var við að bjarga aflanum og heyfengnum hvað sem tímanum leið hefur greinilega umbreyt í athafnaanda á hörðum velli

heimsviðskiptanna, rætur íslenskrar menningar skapa nú frumkvöðulsvilja og framtakssemi sem fellur vel að þörfum hins alþjóðlega markaðar. Fámennið á fyrri tíð færir okkur þannig ávinning á tímum hnattvæðingar.

Margt bendir til að menningin eigi eftir að hafa ríkuleg áhrif á samkeppnisstöðu þjóða og sá sköpunarkraftur sem hún nærir færa fjölmörg tækifæri til nýrrar sóknar. Í þessum efnum geta smáríkin einnig haft kjörstöðu því menning og siðir, arfleifð og saga veita þeim sérstöðu í samkeppninni. Íslensk menning hefur jafnan virt mikils hæfileika einstaklinganna til að yrkja ljóð og segja sögur, vera skapandi þátttakendur í samfélagi við aðra. Sá frumlegasti í orðavali naut ætíð mikillar virðingar og skáldin voru í hugum þjóðarinnar ávallt æðri valdsmönnum. Þessi viðhorf hafa flust til atvinnulífsins með íslenska orðinu „athafnaskáld“ sem í raun táknar skapandi frumkvöðul í efnahagslífi. Aðdáun á þeim sem skapar hefur flust frá fornum tímum til nýrrar aldar og frumleikinn er veganesti sem menning fámennrar þjóðar hefur fært okkur. Slíkir eiginleikar geta ráðið úrslitum í því alþjóðlega hagkerfi sem hnattvæðingin hefur skapað. Menning smáríkja getur fósrað hæfileika sem gera frumkvöðlum og athafnaskáldum kleift að skara framúr.

Framtíð smáríkjanna er eins og framtíð annarra óviss en margt bendir til að komandi ár geti orðið þeim blómaskeið. Forsenda er að sjálfsögðu að þau haldi vel á eigin hagstjórn. Að því gefnu veitir hið alþjóðlega efnahagslíf smáríkjunum margvísleg tækifæri, leysir fjötra sem áður settu hagvextinum þröngar skorður.

Ég hef leitast við að varpa ljósi á stöðu smáríkjanna á tímum vaxandi hnattvæðingar með tilvísunum til íslenskrar reynslu. Þótt sérhvert land sé á vissan hátt sérstakt tel ég að hið íslenska dæmasafn hafi almennt gildi. Það sýnir að upplýsingabyltingin sem liggur til grundvallar



hnattvæðingunni og ýmis höfuðeinkenni hins nýja hagkerfis, greinar sem tengjast þjónustu, hugbúnaði og hátækni, geta skapað smáríkjunum margvísleg tækifæri til að auka hagvöxt og almenna velferð, að fyrirtæki sem þróast innan vébanda smáríkis geta haft heiminn allan að markaðssvæði.

Þótt smáríkin þurfi vissulega að glíma við margvíslega erfiðleika búa þau yfir ýmsum eiginleikum sem dýrmætir eru á nýrri öld. Ég hef vikið að nokkrum þeirra en fleiri mætti tína til. Framlag smáríkjanna til lýðræðislegrar þróunar er líka mikilvægt en návígið og gegnsæið sem smæðin skapar geta gefið lýðræðinu aukinn styrk. Það er reyndar athyglisvert að vagma vestræns lýðræðis var til forna í Aþenu og Róm sem á þeim tíma voru smáríki mæld á kvarða okkar tíðar, með svipaða íbúatölu og Ísland er nú. Landnámsmenn Íslands stofnuðu Alþingi fyrir um þúsund árum og þjóðin hefur ávalt metið mikils að eiga elsta þing í veröldinni.

Sagan sýnir að smáríkin geta verið sköpunarvettvangur lýðræðis, laga og réttarfars: fyrirmyndir um siðað samfélag og heilbriggt stjórnarfar. Framlag smáríkjanna að fornu og nýju til lýðræðislegrar framþróunar og siðvæðingar stjórnmalanna er hins vegar efni í annað erindi en rétt að hafa mikilvægi þessara þátta einnig í huga þegar hin efnahagslega staða smáríkjanna er tekin á dagskrá.

Smáríkin hafa þann höfuðkost að þau ógna engum og óhætt er að eiga við þau víðtæka samvinnu. Þau hafa enga annarlega hagsmuni í farteskinu og geta ekki beitt herstyrk, fjármálavaldi eða öflugum stjórnmalalegum ítökum til að ná sínu fram. Þau koma til dyranna eins og þau eru klædd og vandalaust er að eiga þau að vinum. Þessir eiginleikar eru einnig verðmætir á tímum þegar marghátuð tengsl setja svip á sambúð þjóða. Hinum smáa standa opnar margar dyr sem öðrum eru

lokaðar. Það er leitað eftir liðsinni hans og framlagi því allir vita að hann getur aldrei ógnað sínum samstarfsmönnum.

Slíkt óttaleysi getur líka verið auðlind þegar hnattvæðingin knýr á um vaxandi tengsl þjóða, samfélaga og fyrirtækja. Þá er gott að vera smár og geta gert alla að sínum vinum.